

Við það skal miðað, að styrkir úr sjóðnum verði viðbótarframlög til þeirra verkefna, sem styrkt eru, en verði ekki til þess að lækka önnur opinber framlög til þeirra eða draga úr stuðningi annarra við þau.

2. gr.

Breyting þessi öðlast gildi við birtingu.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 12. september 2000.

F. h. r.
Jón Thors.

Fanney Óskarsdóttir.

AUGLÝSING

um breytingu á gjaldskrá Orkuveitu Húsavíkur.

Samkvæmt orkulögum nr. 58 29. apríl 1967 hefur ráðuneytið staðfest eftirfarandi breytingu á gjaldskrá Orkuveitu Húsavíkur er taki gildi 1. október 2000.

Gjaldskrá Orkuveitu Húsavíkur B-hluti nr. 369 26. júní 1998, með áorðnum breytingum, breytist þannig:

Allir liðir gjaldskrárinnar hækka um 3,5%.

Iðnaðarráðuneytinu, 21. september 2000.

Valgerður Sverrisdóttir.

Þorgeir Örlygsson.

AUGLÝSING

um deiliskipulag og breytingu á deiliskipulagi í Reykjavík.

Klettasvæði – breytt deiliskipulag.

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög hefur borgarráð Reykjavíkur þann 9. maí 2000 samþykkt breytingu á deiliskipulagi Klettasvæðis. Lóðin Klettagarðar 5 stækkar inn á lóð nr. 9. Innkeyrsla á lóðirnar nr. 6 og 8-10 við Klettagarða verður færð og gert ráð fyrir olíudælu á lóð nr. 6 við Klettagarða.

Uppdrættir hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um. Skipulagsbreytingin öðlast þegar gildi.

Dofraborgir 23 – skilmálar, byggingarreitur.

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög hefur borgarráð Reykjavíkur þann 15. ágúst 2000 samþykkt skipulag lóðar nr. 23 við Dofraborgir. Leyfðar verða tvær íbúðir í stað einnar og byggingarreitur stækkar, tvö bílastæði skulu vera fyrir hvora íbúð.

Uppdrættir hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um. Skipulagið öðlast þegar gildi.

Kaplaskjólsvegur 2 – afmörkun lóðar.

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög hefur borgarráð Reykjavíkur þann 16. maí 2000 samþykkt afmörkun 280 m² lóðar fyrir hús nr. 2 við Kaplaskjólsvæg. Gert er ráð fyrir að húsið standi að mestu óbreytt en leyfðar verða smávægilegar breytingar á því innan afmarkaðs byggingarreits.

Uppdrættir hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um. Skipulagið öðlast þegar gildi.

Kjalarnes, Árvellir – breytt skipulag lóðar.

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög hefur borgarráð Reykjavíkur þann 20. júní 2000 samþykkt breytingu á skipulagi lóðar Árvalla á Kjalarnesi. Lagður verður nýr aðkomuvegur að Árvöllum og núverandi tenging lögð af. Í landi Árvalla er gert ráð fyrir að rísi vistheimili allt að 300 m², auk starfsmannabústaða, áhaldageymslu og verkstæðis, samtals um 430 m².

Uppdrættir hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um. Skipulagsbreytingin öðlast þegar gildi.

Austurbæjarskóli – tímabundnar kennslustofur.

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög hefur borgarráð Reykjavíkur þann 5. september 2000 samþykkt breytingu á deiliskipulagi Skólavörðuholts. Breytingin varðar nýja afmörkun lóðar Austurbæjarskóla og garðsvæði/bílastæði á þaki spennistöðvar suðaustan skólabyggingar falla niður og leyft verður að reisa tímabundið, skv. nánari ákvörðun byggingarnefndar, kennslubyggingu með fjórum kennslustofum á þaki spennistöðvarinnar með yfirbyggðri göngubru í skólabygginguna.

Uppdrættir hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um. Skipulagsbreytingin öðlast þegar gildi.

Selásskóli – breytt skipulag lóðar.

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög hefur borgarráð Reykjavíkur þann 27. júní 2000 samþykkt breytingu á skipulagi lóðar nr. 109 við Selásbraut, Selásskóli. Lóðirnar 6 og 8 við Viðarás eru sameinaðar aðliggjandi skólalóð Selásskóla og ræma milli lóðanna sameinuð þessum lóðum. Skólahús stækkar um 1.500 m².

Uppdrættir hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um. Skipulagsbreytingin öðlast þegar gildi.

Reykjavík, 18. september 2000.

Þorvaldur S. Þorvaldsson skipulagsstjóri.